

Morgunblaðið, 13.11.2026, síðu 36.
grein stærð: 1001.68 sm2
grein hæð: 38.62 sm

Okkur blæðir og við grátum

● Verk úr safneign Bunkier Sztuki til sýnis í Listasafni Reykjavíkur ● Þykir eitt öflugasta safn pólskrar samtímalistar í Evrópu ● „Það þýðir ekkert að reyna að setja okkur öll í einhver box“

VIÐTAL
María Margrét Jóhannsdóttir
mariamargret@mbl.is



Gervifótur Hér kannar listamaðurinn Joanna Pawlik líkama sem hefur orðið fyrir missi og þær afleiðingar sem það kann að hafa á sjálfsmyndina.



Heppin Verk eftir Marcin Maciejowsaki þar sem stendur „Læknirinn sagði að ég hefði verið heppinn. Tennurnar fóru 5 mm framhjá slagæðinni.“

Lekir líkamar, sameiginlegir heimar heitir sýning á verkum 30 listamanna frá Póllandi sem nú stendur yfir í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, og leggur undir sig báðar hæðir safnsins. Um er að ræða verk úr safneign Bunkier Sztuki í Kraká, sem þykir eitt öflugasta safn pólskrar samtímalistar í Evrópu.

Þetta er í fyrsta sinn sem svo umfangsmikil sýning er unnin úr safneign þess á erlendum vettvangi. Á sýningunni má sjá ljósmyndaverk, málverk, skúlptúra og innsetningar en sýningarstjórar eru Aldís Snorradóttir og Agnieszka Sachar.

„Líkamar leka. Þeim blæðir, þeir svitna, gráta og næra. Þeir draga í sig og skila af sér. Þeir geyma það sem við köllum sjálfið og minna okkur um leið á skilin milli okkar og annarra; skil sem móta sjálfsmynd okkar, tilfinningu fyrir því að tilheyra og hugmyndir um hvað telst viðeigandi eða óviðeigandi. Þessi ósýnilegu mörk eru hvorki sjálfgefin né óumbreytanleg,“ segir í sýningartexta.

Hugmyndir um líkama og kyn

„Þessi sýning hefur verið nokkur ár í farvatninu. Við hjá Listasafni Reykjavíkur höfum lengi lagt metnað í alþjóðlegt samstarf en í Hafnarhúsi hefur ávalt verið lögð áhersla á framsækna samtímalist, bæði íslenska og erlenda. Við höfðum áhuga á að hefja samstarf við menningarstofnun í Póllandi, enda margir Pólverjar búsettir á Íslandi. Þá er mikill fengur í því fólginn að kynna íslenskum áhorfendum það sem er að gerast í pólskri samtímalist og fá innblástur utan frá,“ segir Aldís sem segir að inntak sýningarinnar hverfist um líkamann.

„Í stað þess að reyna að draga upp einhverja heildarmynd af pólskri myndlist vildum við leggja áherslu á viðfangsefni sem nær út fyrir landamæri og höfðar til sameiginlegrar reynslu okkar allra. Þannig varð líkaminn fyrir valinu.

Titillinn er margræður en hann vísar meðal annars til þess bókstaflega að líkamar okkar leka. Okkur blæðir, við svitnum, grátum og mjólkum og svo framvegis. Hann vísar einnig til þess að líkaminn er í stöðugu flæði. Við erum í samskiptum við umhverfi okkar, náttúruna og aðra líkama, mótumst af þeim og höfum áhrif á þá. Sjálfsmyndir skarast einnig og flæða hver inn í aðra. Verkin á sýningunni velta líka upp spurningum um hugmyndir okkar um líkama, kyn, sjálfsmynd, fötlun og þau samfélagslegu viðmið sem móta sýn okkar á líkamann.“



Morgunblaðið/Karítas

Hafnarhús „Ég vona að sýningin miðli þeim skilaboðum að við erum alls konar,“ segir Aldís Snorradóttir.

Innsýn í aðra listasenu

Var eitthvað sem kom þér á óvart við undirbúning sýningarinnar?

„Já, það vakti athygli mína hversu mörg verk í safneign Bunkier Sztuki fjalla um kyn, sjálfsmynd og hinseginleika, en í ljósi þeirrar umræðu sem hefur verið um réttindi hinsegin fólks í Póllandi var áhugavert og ánægjulegt að sjá hversu áberandi þessi viðfangsefni eru í verkunum.

Það var sérstaklega skemmtilegt að fá tækifæri til að kynnast annarri safneign og sjá hvernig Bunkier Sztuki vinnur með og hugsar um hana. Verkin sem við fengum á sýninguna eru að mínu mati fersk og spennandi og það er alltaf gefandi að fá innsýn í aðra listasenu og kynnast nýjum listamönnum.“

Þarf maður að þekkja eitthvað til pólsks samfélags til þess að geta notið sýningarinnar?

„Nei, það ættu allir að geta notið sýningarinnar óháð uppruna og við lögðum mikla áherslu á að við hvert verk væri texti sem gæfi innsýn í það. Fyrir áhugasöm var svo gefin út sýningarskrá þar sem farið er dýpra í þemað. Hins vegar á ég alveg von á því að verkin á sýningunni veki sterkari hugrenningatengsl hjá þeim sem ólust upp í Póllandi enda má víða sjá vísanir í pólska menningu og sögu,“ segir Aldís.

Nær til ungs fólks

„Viðtökurnar hafa verið mjög góðar og verkin höfða til breiðs aldurshóps. Eitt besta hrósið var þegar ég heyrði af menntaskólahópi sem hafði fengið leiðsögn um sýninguna og lét sérstaklega vel af henni, en það er alltaf mikið ánægjuefni fyrir mig þegar listin nær til unga fólksins.

Ég vona að sýningin miðli þeim skilaboðum að við erum alls konar, og það þýðir ekkert að reyna að setja okkur öll í einhver box. Verkin hvetja vonandi áhorfendur til að endurhugsa eigin líkamlega upplifun og verða meðvitaðri um þau samfélagslegu og pólitísku öfl sem hafa áhrif á sjálfsmynd okkar.

Með sýningunni vildum við meðal annars varpa ljósi á fjölbreytileika okkar og velta upp spurningunni um hvað það þýðir að vera líkami á þessum tiltekna tíma,“ segir Aldís.

Þess má að lokum geta að sýningin stendur til 24. janúar næstkomadi.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR

Listamenn:

Marta Antoniak
Bogusław Bachorczyk
Barbara Bańda
Bogna Burska
Michał Chudzicki
Oskar Dawicki
Iwona Demko
Katarzyna Górna
Bartosz Kokosiński
Karolina Kowalska
Lidia Krawczyk
Wojciech Kubiak
Agata Kus
Marcin Maciejowski
Cecylia Malik
Krzysztof Marchlak
Małgorzata Markiewicz
Joanna Pawlik
Maria Pinińska-bereś
Karol Radziszewski
Józef Robakowski
Jadwiga Sawicka
Janek Simon
Si On
Justyna Smoleń
Łukasz Stokłosa
Jaśmina Wójcik
Michał Zawada
Jakub Julian Ziółkowski
Alicja Żebrowska